

## Reglur um netaveiði í sjó fyrir landi Vopnafjarðarhrepps

### 1. gr. Almennt

Reglur þessar gilda um netaveiði í sjó fyrir landi innan sveitarfélagsmarka Vopnafjarðarhrepps. Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði, með síðari breytingum auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Sjá Reglugerð um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó, nr. 449, 23. 04. 2013.

Reglur þessar varða eingöngu netaveiði á silungi í sjó. Ekki má veiða lax í sjó, sbr. 14. gr. laga um lax- og silungsveiði.

### 2. gr. Markmið

Tilgangur með reglum þessum er að móta umgjörð um veitingu heimilda til netaveiði í sjó sem stuðla að verndun fiskigengdar á nærliggjandi svæðum og verndunar á bleikjustofni.

### 3. gr. Heimild til netaveiði í sjó

Netaveiði í sjó fyrir landi sveitarfélagsins er óheimil án heimildar sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Vopnafjarðar veitir heimild til netaveiða í sjó að mótttekinni beiðni þar um. Beiðnir skulu berast til skrifstofu Vopnafjarðarhrepps á þar til gerðum umsóknarblöðum.

Veiðisvæðin eru tvö annars vegar svæði frá landi Leiðarhafnar og inn fjörðinn að landi Vatnsdalsgerðis, og hins vegar í og við Skógalón og Nýpslón. Veitt heimild til netaveiði í sjó veitir hverjum veiðimanni einungis rétt til lagningar á **einu** neti. Veiðin er jafnframt háð því skilyrði að veiðimenn haldi skrá yfir aflatölur og afhendi sveitarfélaginu í lok veiðitímabilsins. Net sem ætlað er til veiða á göngusilungi skal vera merkt í báða enda.

Veiðin er háð ofangreindum lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um veiðar á göngusilungi samkv., 1. gr.

### 4. gr. Takmörkun á veiði

Á veiðisvæði fyrir landi Vopnafjarðarhrepps er veiði bönnuð á tímabilinu frá 20. júní til 20. ágúst ár hvert.

Jafnframt er vakin athygli á því að í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum er óheimilt að stunda netaveiðar á silungi í netlögum sjávarjarða frá kl. 22:00 á föstudagskvöldi til kl. 10:00 á þriðjudagsmorgni.

### 5. gr.

## **Frágangur neta**

Ætlast er til að staðsetning og frágangur neta, ásamt umgengni um veiðisvæði, valdi sem minnstum skaða fyrir umhverfið og taki mið af REGLUGERÐ nr 449, samkv. 1. gr.

### **6. gr. Gildistími**

Reglur þessar taka gildi frá og með 20. júní 2024.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. maí 2024